

# Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 79 – 17.01.2007

---

Miðvikudaginn 17. janúar, árið 2007, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.00 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Páll Dagbjartsson og Pétur Valdimarsson, Páll Pálsson veitustjóri, og Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

## DAGSKRÁ:

1. 3ja ára áætlun Skv. 2007 - 2010
2. Kýrholtuverkefnið.
3. Gagnaveita Skagafjarðar.
4. Hitaveita út að austan.
5. Aðalfundur Samorku 9. febrúar nk.
6. Önnur mál.
  1. Tengingar Akrahreppi.
  2. Kynningabæklingur.

## AFGREIÐSLUR:

Einar Gíslason setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Lögð fram 3ja ára áætlun Skagafjarðarveitna fyrir árin 2007 – 2010, einnig lagður fram listi yfir þær framkvæmdir sem gert er ráð fyrir að fara í á tímabilinu. Stjórnin samþykkir framlagða áætlun.
2. Páll Pálsson fór yfir aðdragandann að verkefninu og framgang þess til dagsins í dag. Lögð voru fram ýmis gögn um verkefnið.
3. Páll Pálsson gerði grein fyrir stöðu mála hjá Gagnaveitu Skagafjarðar.
4. Bragi Þór Haraldsson hjá Verkfræðistofunni Stoð kom á fundinn. Fór hann yfir kostaðaráætlun á efni og vinnu við lagningu hitaveitu út að austan. Stjórn Skagafjarðarveitna samþykkir að tilkynna efnisútboðið á Evrópska efnahagssvæðinu.
5. Lagt fram aðalfundarboð Samorku 9. febrúar nk. Samþykkt að Páll Pálsson fari með atkvæði Skagafjarðarveitna ehf.
6. Önnur mál.
  1. Lagður fram listi yfir þá aðila í Akrahreppi sem tengst hafa hitaveitunni en ekki enn orðnir notendur heitavatnsins. Samþykkt að hafa samband við þá og fá upplýsingar um stöðu mála hjá þeim.

2. Páli og Einari falið að vinna að útgáfu kynningarbæklings um Skagafjarðarveitur ehf.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.55

Einar Gíslason (sign)  
Páll Dagbjartsson (sign)  
Pétur Valdimarsson (sign)  
Páll Pálsson (sign)

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.  
This page will not be added after purchasing Win2PDF.